



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Askja

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



• Efnisyfirlit	
•	
• 1. Greinargerð leikskólastjóra	3
• 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	8
• 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	9
• 4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	15
• 5 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.	16
• 6 Foreldrasamvinna	16
• 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
• 8 Fylgiskjöl	18





1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 var þriðja skólaár okkar í Skógarhlíð 6 en þar lentum við sumarið 2022, eftir gríðarlega vinnu við að koma heilu skólasamfélagi fyrir á nýjum stað. Staðsetningin og húsnæði eru þó bæði hugsuð sem tímabundin lausn á meðan verið er semja um og byggja skólasamfélagi okkar fastan framtíðar samastað.

Á þessum tíma hefur skólinn okkar haldið áfram að vaxa með einhverjum vaxtarverkjum. Starfsfólk okkar á mikið þakklæti og hrós skilið fyrir ómetanlegt starf við uppbyggingu á frábæru skólastarfi þrátt fyrir ýmsar krefjandi áskoranir og nýtt umhverfi. Þrátt fyrir rask og áskoranir á skólaumhverfinu kemur svörun í foreldrakönnun mjög vel út og greinileg ánægja er með skólastarfið sem okkur þykir frábært og ljóst að okkur hefur tekist að vinna starf okkar undir miklu álagi og án þess að börn og foreldrar þeirra finni fyrir því. Við höfum þó einnig lært á þessum síðustu tveimur árum að það er ekki endilega gott að harka allt af sér og höfum nú unnið að skýrara verklagi fyrir okkur og starfsfólk okkar að vinna eftir á komandi skólaári.

Það var virkilega ánægjulegt að sjá útkomu úr starfsánægjukönnun. Hún kom mun betur út en í fyrra en þar mældist starfsfólk undir gríðarlegu álagi og fann fyrir mikilli streitu enda fyrsta skólaárið eftir flutninga skólans. Við lögðum mikið á okkur til að einfalda og kjarna starfið og dagskrána á ýmsa vegu og hefur það greinilega skilað sér til starfsfólks.

Ungbarna kjarni hefur haldið áfram í þróun hjá okkur en þar höfum við breytt aðeins dagskránni og utanumhaldi til að mæta enn betur þörfum barna. Við leggjum ofur áherslu á málörvun og orðaforðavinnu á yngsta kjarnanum okkar til að leggja góðan grunn.

Við höfum haldið áfram vinnu okkar með málörvunaráætlun okkar í vetur. Áætlunin varð til fyrir tveimur árum og byggir m.a. á orðaforðalista MMS og lotum okkar úr kynjanámskránni. Leggjum við upp með að hver kjarni og aldurshópur fái sinn efnis og orðaforða pakka til að vinna eftir yfir skólaárið. Það hefur gengið mjög vel að koma þessu á laggirnar og vinna eftir áætluninni og munum við halda áfram að kjarna áætlunina og styrkja vinnuna á komandi skólaári.

Við höfum einnig mikið rýnt í og rætt hvernig við sem heild getum sem best unnið í takt með markvissu og sameiginlegu vinnuverklagi og höfum skipulagt komandi skólaár m.a. með verkferla, skráningar, endurmenntun, þjálfun nýs starfsfólks og fleira í huga og tekur umbótaáætlunin starfskönnunar okkar mið af því.

Nú þegar Askja og Barnaskólinn í Reykjavík eru staðsett undir sama þaki í Skógarhlíðinni er samvinnan með fimm ára börnum þægilegri og nær okkur. Mörg af fimm ára börnunum eru orðin læs í lok skólaárs, enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur. Eins hafa tölustafir verið lagðir inn með markvissum hætti. Fimm ára börnin sóttu ípróttatíma í Valsheimilinu einu sinni í viku yfir skólaárið og fóru á stutt





sundnámskeið í vor. Einnig hafa þau tekið þátt í nokkrum smíðjum sem Barnaskóla börnum er boðið upp á í skólanum eins og smíða um himingeiminn, heimilisfræði, hönnun og smíði, mynd- og tónlist. Í vor fóru þau svo öll í skólaferðalag í Vatnaskóg og gistu þar eina nótt með kennurum sínum. Nú er vinna í gangi við að Barnaskólinn fái starfsleyfi fyrir fimm ára börnin en fimm ára starfið hefur verið samvinna Öskju og Barnaskólans í mörg ár. Samvinnan heldur auðvitað áfram og fimm ára starfið áfram með því sniði sem það hefur verið lengi og mikil og góð reynsla komin.

Meginreglurnar okkar standa alltaf fyrir sínu og eru leiðarljós þess sem við störfum eftir. Meginreglurnar eru sex talsins og settar upp í skýrri forgangs röð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og lífsgildin sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn og svo ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskóla.

Markmið meginreglanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og að leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar, þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónir, frá hinu stærsta til hins smæsta.

Örstutt kynning á meginreglunum:

1. Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er, virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfæðman hátt að velgengni allra.

2. Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks sem og í öllum samskiptum við börn, foreldra og annarra sem koma að málum skólans.

3. Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

4. Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi, í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar





sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim, með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

5. Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6. Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður tamin vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita öllum börnum jöfn tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum, án takmarkana sem kynjakerfið setur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og byggjast loturnar á því að þjálfa og bæta, bæði einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Með því að fylgja eftir öllum sex lotunum fær hvert barn heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfi.

Lotur í kynjanámskrá Hjallastefnunar:

1. **Agi;** *virðing, hegðun, kurteisi, framkoma*
2. **Sjálfstyrking;** *sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning*
3. **Samskipti;** *umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða*
4. **Jákvæðni;** *þjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni*
5. **Vinátta;** *félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur*
6. **Áræðni;** *kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði*





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Hvað var metið?	Starfsánægja, líðan
Hvernig fór matið fram?	Rafræn viðhorfskönnun.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk skólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Umbótaáætlun (sjá neðar).

Hvað var metið?	Hjallísk vinnubrögð
Hvernig fór matið fram?	Rafræn viðhorfskönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmaður frá Hjallamiðstöð og starfsfólk skólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mjög jákvæðar niðurstöður og ánægja með úrlausnir og endurbætur á umhverfi.

Ytra mat

Hvað var metið?	Upplifun og ánægja foreldra af skólanum
Hvernig fór matið fram?	Rafræn viðhorfskönnun.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Umbótaáætlun (sjá neðar).





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Uppeldis- og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráning daglegs skólastarfs og upplýsingaflæði til foreldra.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Bæta aðgengi foreldra að upplýsingum um daglegt skólastarf.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	- Hópstjórar senda póst á foreldra í vikulok. - Myndir og upplýsingar skráðar í Karellen. - Sýnileg hópatímaskráning í fataklefa, í lok hvers dags.
Ábyrgð	Hópstjórar og kjarnastýrur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 25-26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Spurt verður um þátt í næstu foreldrakönnun 2026.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Jákvæð hækkun á svarþætti í foreldrakönnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Uppeldis- og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kennsluhættir og áherslur í starfi: Málörvunaráætlun - úrræði/verkfæri til úrlausna í starfi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	- Efla starfsfólk í notkun málörvunaráætlun Öskju. - Efla aðgengi og upplýsingar að kennslufræðilegu efni fyrir starfsfólk. - Auka samvinnu innan kjarna og efla innsýn í starfið.



Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	- Allir hópstjórar hafa sína skipulagsbók með helstu upplýsingum er varða viðfangsefni hverrar viku - Upplýsingar málörvunaráætlunar skilvirkt og einfalt til innleiðingar fyrir hópstjóra að starfa eftir. - Kennsluefna/hugmyndabanki að leiðum að markmiðum fyrir hópstjóra að nýta sér til í skipulögðu og markvissu starfi. - Greitt aðgengi að aðstoð/ leiðsögn frá stoðþjónustu er á þarf að halda.
Ábyrgð	Hópstjórar, kjarnastýrir og stoðþjónusta.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 25-26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Símat yfir skólaárið með umræðum og eftirfylgd á fundum eftir hverja lotu.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Jákvæð hækkun á svarþætti í starfsfólks könnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Uppeldis- og menntastarf
Umbótapáttur/matspáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samstarf milli heimila og skóla.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Aukin aðkoma og þátttaka foreldra í skólastarfinu.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	- A.m.k. einn skipulagður foreldra viðburður á hverjum kjarna yfir skólaárið. - Kynningarfundur í upphafi skólaárs á hverjum kjarna til að kynna starfsfólki og skólastarfi. - Hvetja foreldra til að koma með hugmyndir að viðburðum eða þátttöku í skólastarfinu.
Ábyrgð	Skóla og kjarnastýrir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 - júní 2026.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Spurt um þátt í næstu foreldrakönnun.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Jákvæð hækkun á svarþætti í foreldrakönnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skýr aðgerðaráætlun og leið skólans gagnvart hvers kyns einelti og áreitni. Ekkó.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	- Gagnvirk eineltis áætlun til staðar, sýnileg. - Skýrt aðgengi og upplýsingar um hver Ekkó - móttökuaðili Hjallastefnunnar er.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegar áminningar og hvatning frá skóla til starfsfólks að kynna sér Ekkó áætlun og nýta sér hana ef þörf er á.
Ábyrgð	Skólastýrir og framkvæmdarstjórn Hjallastefnunnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Spurt um þátt í næstu starfsfólks könnun.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Starfsandi og starfsumhverfi.





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	• Hlúa að vellíðan og góðum starfsanda, samvinnu, og samheldni í starfsfólkshóp. • Auka hópefli, samvinnu og jákvæðni í öllu starfi.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	• Dreifð ábyrgð á milli kjarna að skipuleggja. viðburð eða samverustund af einhverju tagi. • Fjórir fastir viðburðir á skóladagatali. • Sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Allt skólaárið 2025-2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Metið og rætt jafnóðum. • Spurt um þátt í næstu starfsfólk könnun.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	• Símenntun - endurmenntun.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	• Efla og hvetja starfsfólk leikskólans að sækja ýmsa fræðslu og styrkja sig í starfi.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	• Skipulagðir fræðsluviðburðir á fundum yfir skólaárið. • Hvetja starfsfólk og benda á möguleika sem í boði eru sem nýtast þeim og efla í starfi.
Ábyrgð	• Skólastýrur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Allt skólaárið 2025-2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Spurt um í næstu starfsfólk könnun.
Viðmið um árangur-	• Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.





Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Móttaka nýliða og þjálfun í starfi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla og styrkja nýtt starfsfólk í starfsháttum leikskólans.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	- Virk og skipulögð nýliðaþjálfun er til staðar. - Nýtt starfsfólk fær úthlutaðan móttökukennara á kjarna sínum sem leiðir nýliða í gegnum 10 vikna þjálfunaráætlun. Móttökukennari er til staðar og hjálpar nýliða að aðlagast nýju starfi.
Ábyrgð	Skólastýrur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Alltaf.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið jafnóðum með umræðum og verkefnavinnu.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samvinna-teymisvinna starfsfólks innan kjarna og milli kjarna.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	- Efla samstarf og samvinnu starfsfólks. - Dreifa álagi og ábyrgð í starfi.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegir samráðsfundir innan kjarna, eftir hverja lotu.



	• Virk samvinna í undirbúningstímum.
Ábyrgð	• Kjarna og hópstýrir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Skólaárið 2025-2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Meta jafnóðum með skráningu, umræðum og eftirfylgd.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður / leikskóla- bragur
Umbótapáttur/matspáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	• Valdeflandi forysta stjórnenda.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	• Efla starfsfólk í að hafa áhrif á skólastarfið og koma óskum sínum og hugmyndum á framfæri. • Efla starfsfólk í að leita úrlausna í samvinnu innan hópsins.
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	• Hvatning frá stjórnendum. • Valdeflandi verkfæri og upplýsingar aðgengilegt t.d. kennslumyndbönd Hjallastefnunnar. • Gott aðgengi að stjórnendum í húsi til aðstoðar ef á þarf að halda. • Miðlæg aðstoð á miðstöð Hjallastefnunnar ef á þarf að halda.
Ábyrgð	• Skólastýrir og allt starfsfólk leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Skólaárið 2025-2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Spurt um þátt í næstu starfsfólk könnun 2026.
Viðmið um árangur- Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Jákvæð svörun í starfsfólks könnun 2026.





4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fara fram tvisvar á skólaári. Það fyrra er á haustönn en þá er farið yfir ákveðinn lista sem starfsfólk hefur fyllt út og farið yfir styrkleika sína og hverju það vill skerpa á í starfi sínu. Svo eru sett markmið fram að næsta samtali sem er á vorönn. Í seinna samtalinu er farið yfir markmiðin aftur og rætt hvernig tókst til. Eins er horft til framtíðar og starfsfólk fær tækifæri til að koma með óskir ef einhverjar eru auk þess sem næstu skref í starfi eru ákveðin og ný markmið sett.

Starfsfólksfundir eru haldnir reglulega en þar skerpum við á Hjallastefnunni og hugmyndafræðinni sem við störfum eftir. Á lotufundum rýnum við í komandi lotu hverju sinni og markmið hennar. Á hverju hausti er haldin haustráðstefna Hjallastefnunnar, þar sem starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnu starfi.

Við fengum til okkar alls kyns fræðslu í vetur t.d. um skyndihjálpi, Tákn með Tali sem við notum mikið í skólanum og í málörvunaráætlun. Starfsfólk sér einnig sjálf um ýmsa endurmenntun og mætti þar t.d. nefna; Þecs námskeið, námskeið um ADHD, kvíða og einhverfu, íslensku fagnámskeið fyrir starfsfólk með íslensku sem annað tungumál o.fl.. Á skipulagsdögum unnum við til dæmis með sögugerð og frásagnir og hvernig við getum gert sögur og söngva meira sýnilegt fyrir börn og höfum tekið miklum framförum þar.

5 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Nú þegar Barnaskólinn í Reykjavík og Askja eru undir sama þaki er mikill og góður samgangur á milli skólastiga. Fimm ára börnin þ.e. elsti árgangur Öskju tilheyrir Barnaskólanum og teljum við að með þessari staðsetningu náum við að brúa vel bilið á





milli leik- og grunnskólans. Fimm ára nemendur hafa sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka einnig þátt í Barnaskólastarfinu t.d. vikulegum söngfundum og einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin eru því vel undirbúin til að hefja skólagöngu 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að fimm ára kjarna starfi er lokið.

Á liðnu skólaár var einnig blöndun á milli alls aldurs og kjarna í Öskju og í Barnaskólanum þar sem myndaðir voru "vina og vinkonur kjarnar" á milli skólastiga og skipulagðar heimsóknir og samvinna var á milli vina kjarna. Þar var t.d. sungið saman, leikið, spilað, borðað og margt fleira. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Þetta styrkti böndin á milli kennara skólanna tveggja sem deila hér húsnæði ásamt því að börnin þekkjast betur stór og smá sem er frábært fyrir okkar stóra skólasamfélag hér í Skógarhlíð.

6 Foreldrasamvinna

Leikskólinn Askja stendur reglulega fyrir ýmsum viðburðum til að efla samstarf milli heimilis og leikskóla. Öllum nýjum foreldrum er boðið á kynningarfundir áður en barnið byrjar í skólanum. Þessir fundir eru haldnir í júní áður en aðlögun hefst og svo aftur í ágúst fyrir foreldra þeirra sem byrja eftir sumarlokun. Þá er starfið og stefnan kynnt og þær áherslur sem við leggjum á, ásamt góðum ráðum í sambandi við aðlögun.

Síðastliðið haust höfðum við foreldrafundi í upphafi skólaárs þar sem öllum foreldrum hvers kjarna var boðið í kvöldstund og spjall með kennurum kjarnans. Þar var sagt frá markmiðum kjarnans í lotuvinnu vetrarins framundan og fleira. Mjög skemmtilegt og mikil ánægja með og munum við halda þessu áfram.

Boðið er í foreldrakaffi og kjarna heimsóknir í kringum bónda- og konudaginn. Drengir bjóða fjölskyldum sínum í kaffi í kringum bóndadaginn og stúlkur sínum fjölskyldum í kringum konudaginn. Að auki er ýmsum öðrum óreglulegum uppákomum, sem tengja fjölskyldur við leikskólann fagnað og foreldrum boðið að taka þátt í leikskólastarfinu.

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum en það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum í boði. Einnig tökum við fullt





tillit til hinna ýmsu matarparfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra, hvort börn þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Foreldraráð er starfandi við skólann og hluti af stjórnkerfi leikskólans. Kosið er í foreldraráðið að hausti, ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja átta foreldrar skólaárið 2024-2025 og eru fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir sumarhátíð á vordögum. Einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútuferðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar, vatnsbrúsa og útibekki sem allt hefur nýst skólanum einstaklega vel. Einnig hefur félagið stundum glatt kennara skólans með einhverjum hætti.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári þ.e. í október og febrúar og venja er að viðtölin fari fram á laugardögum sem hefur gefist mjög vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir og það sem okkur finnst frábært við að hafa foreldraviðtölin á laugardögum, er að þá hafa báðir (flestir) foreldrar tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista varðandi þroska- og félagslega stöðu barnanna og almennt gengi þeirra í leikskólanum sem svo er kynnt fyrir foreldrum í viðtölunum.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal





8 Fylgiskjöl: Skóladagatal, niðurstöður úr foreldrakönnun, niðurstöður á gæðamati

F. h. leikskólans

Ceðrun Sigríðarsd. 9. júlí 2025
Leikskólastjóri Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Askja

Umsögn foreldraráðs





Foreldraráð leikskólans skipa:

Gísli Rúnar Gíslason

Ásgerður Heimisdóttir

Berglind Emilsdóttir

Baldvin Hugl Gíslason

Ísak Þórhallsson

Hjördís Gestsdóttir

Umsögn foreldraráðs Öskju um starfsáætlun 2025–2026

Foreldraráð Öskju hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025–2026 og samþykkir hana samhljóða. Foreldraráð Ösku lýsir einróma yfir stuðningi við þá starfsáætlun sem lögð er fram fyrir árið 2025–2026 sem er í fullu samræmi við þá fræðslufundi og kynningar sem foreldrar hafa fengið á starfinu sem þar er unnið. Foreldraráð vinnur í náinni og góðri samvinnu við stjórnendur skólans og þar ríkið mikið traust.

Áætlunin veitir greinargóða og aðgengilega innsýn í starf leikskólans og skólasamfélagsins og þær faglegu áherslur sem þar eru í forgrunni. Sérstaklega fögnum við því hve vel starfsáætlunin endurspeglar þá stefnu og viðmið sem kynnt hafa verið foreldrum á fundum og öðru upplýsingaflæði.

Foreldraráðið metur það mikils að í starfsáætlun komi skýrt fram áhersla á stöðugt umbótastarf, m.a. í málörvun, samstarfi við foreldra og markvissu innra mati. Sérstakar áherslur á málörvun í yngstu kjörnum, samþættingu kynjanámskrár í daglegu starfi og stuðning við fagþróun starfsfólks eru dæmi um faglega nálgun sem við teljum mikilvæga fyrir velferð og þroska barnanna.

Foreldraráð fagnar þeirri jákvæðu þróun sem á sér stað í samstarfi leik- og grunnskólastigs með samvinnu Öskju og Barnaskólans í Reykjavík, sérstaklega í starfi með elstu börnunum. Með þátttöku í smiðjum og sameiginlegum viðburðum er stuðlað að samfellu og góðri aðlögun við grunnskólagöngu. Við fögnum sérstaklega að starfsáætlun kveður á um að bæta upplýsingagjöf til foreldra með vikulegum tölvupóstum, sýnilegri skráningu og notkun Karellen.





Á heildina litið teljum við að starfsáætlun Öskju fyrir árið 2025–2026 sé metnaðarfull, faglega unnin og endurspegli það hlýlega og öfluga skólastarf sem við höfum upplifað sem foreldrar. Það er mat foreldraráðs að starfið sem unnið er í Ösku sé að öllu leyti faglegt, hlýlegt og jafnframt uppbyggilegt. Það sem einkennir gott starf leikskólans er stöðugleiki í bæði gæðum og vinnuaðferðum og skýr stefna í samskiptum.

Starfið í Öskju er öllum sem að því koma til fyrirmyndar og það er enginn vafi að þar líður börnum vel og f á góða félagslega örvun. Tekið er á málum af festu og á undanförunum árum hefur verið boðið upp á skemmtilega samveru foreldra, barna og starfsmanna yfir veturinn. Við teljum að þessi áætlun endurspegli með skýrum hætti það góða og faglega starf sem unnið er í Öskju.

Fulltrúar í foreldraráði:

Gísli Rúnar Gíslason
Ásgerður Heimisdóttir
Berglind Emilsdóttir
Baldvin Hugí Gíslason
Ísak Þórhallsson
Hjördís Gestsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ísak Þórhallsson
Gísli R. Gíslason
Ásgerður Heimisdóttir
Baldvin Hugí Gíslason
Berglind Emilsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.





Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Samband íslenskra sveitarfélaga										Leikskóladagatal 2025 - 2026										Nafn leikskóla:		Leikskólinn Askja	
ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarliokun	1 M	AGALOTA hegðun	1 M		1 L	Foreldrasamtöl	1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Páskafrí	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	OPIN VÍKA	1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ	OPIN VÍKA	2 F	Jólafrí	2 M	JÁKVÆDNILOTA framkoma	2 M	VINÁTTULOTA umhyggja	2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F	Skipulagsdagur	3 M	SAMSKIPTALOTA umburðarlyndi	3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Fridagur verslunarmanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M	ÁRÆDNILOTA frumkvæði	4 F		4 L	
5 Þ	Sumarliokun	5 F		5 S		5 M		5 F		5 M	OPIN VÍKA	5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M	Sumarliokun	6 L		6 M	SJÁLFSTÆDISLOTA sjálfstraust	6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	OPIN VÍKA
7 F	Sumarliokun	7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L		7 L	Foreldrasamtöl	7 Þ	OPIN VÍKA	7 F		7 S	Sjómannadagurinn	7 Þ	
8 F	Askja opnar	8 M	AGALOTA kurteisi	8 M		8 L		8 M	OPIN VÍKA	8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M	OPIN VÍKA	8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M	OPIN VÍKA	9 M	VINÁTTULOTA nálægð	9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M	SAMSKIPTALOTA hjálpsæmi	10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F	Foreldrakaffi Litli kjarni	10 S		10 M	Útskrift 4 ára barna og Sumarhátíð Öskju	10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 M		11 L		11 M	OPIN VÍKA	11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 M	JÁKVÆDNILOTA virðing	12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M	SJÁLFSTÆDISLOTA öryggi	13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M	ÁRÆDNILOTA kjarkur	13 M		13 L		13 M	Sumarliokun opnum aftur 12. ágúst
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L		14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	Sumarliokun
15 F		15 M	AGALOTA framkoma	15 M		15 L		15 M	OPIN VÍKA	15 F		15 S		15 S		15 M		15 F	Skipulagsdagur	15 M	OPIN VÍKA	15 M	Sumarliokun
16 L		16 Þ		16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	OPIN VÍKA Bolludagur	16 M	VINÁTTULOTA kærleikur	16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarliokun
17 S		17 M		17 F		17 M	SAMSKIPTALOTA viðsýni	17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarliokun
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M	Skipulagsdagur	18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F		19 M	JÁKVÆDNILOTA hegðun	19 F	Vetrarfrí	19 F		19 S		19 Þ	OPIN VÍKA	19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M	SJÁLFSTÆDISLOTA tjáning	20 F		20 L		20 Þ		20 F	Vetrarfrí	20 F		20 M	ÁRÆDNILOTA kraftur	20 M		20 L		20 M	Sumarliokun
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarliokun
22 F		22 M	OPIN VÍKA	22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur	22 S		22 M		22 F		22 M	OPIN VÍKA	22 M	Sumarliokun
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur Foreldrakaffi drengir	23 M	VINÁTTULOTA félagsskapur	23 M	OPIN VÍKA	23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarliokun
24 S		24 M		24 F	Vetrarfrí	24 M	SAMSKIPTALOTA samstaða	24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumarliokun
25 M	AGALOTA virðing	25 F		25 L		25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M	JÁKVÆDNILOTA kurteisi	26 F		26 F		26 S		26 Þ	OPIN VÍKA	26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	Vetrarfrí	27 F		27 L		27 Þ		27 F	Foreldrakaffi stúlkur	27 F		27 M	ÁRÆDNILOTA virkni	27 M		27 L		27 M	Sumarliokun
28 F		28 S		28 Þ	Vetrarfrí	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarliokun
29 F		29 M	SJÁLFSTÆDISLOTA sjálfstykning	29 M	OPIN VÍKA	29 L		29 M	Jólafrí	29 F				29 S	Pálasunnudagur	29 M		29 F		29 M	OPIN VÍKA	29 M	Sumarliokun
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Jólafrí	30 F				30 M	Páskafrí	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarliokun
31 S				31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Páskafrí			31 S				31 F	Sumarliokun

Samantekt úr foreldrakönnun Hjallastefnunnar

Lögð fyrir í mars 2025

Unnið af skólastjórnendum eftir yfirferð og umræður á starfsfólksfundi



Barnið

99% svarenda er mjög eða frekar sammála því að barni þeirra líði vel þegar það er sótt í lok dags. 1% eru hlutlaus.

100% er mjög eða frekar sammála að þörfum barns þess sé mætt í öllum aðstæðum.

99% eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái stuðning við hæfi. 1% eru hlutlaus.

99% eru mjög eða frekar sammála að tekið sé á móti barni þeirra á morgnana með gleði og kærleika. 1% eru hlutlaus.

99% eru mjög eða frekar sammála að þau skynji jákvæðan starfsanda, metnað og áhuga starfsfólks, fyrir starfi sínu með börnum. 1% hlutlaus.

93% eru mjög eða frekar sammála að þau fái góðar upplýsingar um líðan og verkefni barns í skólanum. 5% eru hlutlaus og 2% eru frekar eða mjög ósammála.

Stjórnun og samskipti

97% foreldra eru mjög eða frekar sammála um að skólanum sé vel stjórnað. 3% eru hlutlaus.

96% foreldra eru mjög eða frekar sammála að þau fái góða úrlausn frá stjórnendum. 4% eru hlutlaus.

99% eru mjög eða frekar sammála að samskipti þeirra við starfsfólk skólans séu góð. 1% hlutlaus.

97% eru mjög eða frekar sammála að starfsfólk sé sveigjanlegt og lausnamiðað. 3% eru hlutlaus.

77% eru mjög eða frekar sammála að þau hafi fengið kynningu á nýju starfsfólki. 17% eru hlutlaus og 6% eru frekar ósammála.

Hjallískar aðferðir

89% eru mjög eða frekar sammála að umhverfi sé rósamlegt og án hávaða. 8% eru hlutlaus 3% eru frekar ósammála.

90% eru mjög eða frekar sammála að sjónrænt umhverfi sé rósamlegt og sjónrænt áreiti í lágmarki. 9% eru hlutlaus, 1% mjög ósammála.

40% eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingar um valskráningu séu sýnilegar og aðgengilegar. 26% eru hlutlaus og 34% eru mjög eða frekar ósammála.

54% eru mjög eða frekar sammála að hópatímaskráning sé sýnileg og aðgengileg. 19% eru hlutlaus og 27% eru mjög eða frekar ósammála.



Lok dags – jákvætt viðmót og upplýsingar

86% eru mjög eða frekar sammála því að þau upplifi jákvætt viðmót og þau fái nægar upplýsingar um daginn þegar barnið er sótt. 9% eru hlutlaus og 5% eru frekar ósammála.

67% segja að fast starfsfólk á kjarna sé til staðar í lok dags. 33% segja að skilavakt sé til staðar í lok dags.

Meðmæli og gæðaeinkunn

100% svarenda segja mjög eða frekar líklegt að þau myndu mæla með skólanum við vini og fjölskyldu.

59% svarenda gefa skólanum 10 í gæðaeinkunn, 31% gefa skólanum 9 í gæðaeinkunn, 11% gefa skólanum 8 í gæðaeinkunn.

Opnar spurningar

Hér að neðan eru opnu svörin sem foreldrar höfðu val um að skrifa, sem og þær úrbætur sem hafa verið eða eru á dagskrá í kjölfarið.

Vinsamlegast skráðu þau atriði sem þú ert sérstaklega ánægð/ánægður með í skólastarfinu:

- Virðing og væntumþykja starfsfólks.
- Börnum mætt á sínum forsendum.
- Borin virðing fyrir þörfum barna, ekki ein lausn fyrir öll.
- Viðhorf og viðmót starfsfólks.
- Málörvunaráætlun.
- Vikupóstar nytsamlegir.
- Kynjanámskráin.
- Kærleikur, jafnrétti og sköpun.
- Vellíðan barna í skólanum.

Vinsamlegast skráðu þau atriði sem betur mega fara:

Við drögum saman helstu atriði sem komu fram.

Húsnæðismál

Þessi punktur var mest áberandi í þeim punktum frá foreldrum um það sem betur má fara. Barna erum við svo sannarlega sammála og vitum að það er góður gangur í málum hjá Reykjavíkurborg en það á ennþá eftir að samþykka lóðarúthlutun í Borgarráði. Við hins vegar kjósum að eyða orkunni okkar almennt í að láta hlutina ganga upp hér í Skógarhlíð frá degi til dags og gera gott úr því sem við höfum. Bráðabirgðalausn fannst hér í næsta nágrenni fyrir miðstig



skólans sem við munum láta ganga upp og vonum að full vinna í framtíðarlausn geti hafist strax í haust.

Lífrænn matur

Við erum með eins mikið lífrænt og við mögulega getum. Það sem kemur beint úr okkar eldhúsi er morgunmatur og ávextir, haframjöl er lífrænt ásamt eplum og perum. Það sem kemur úr sameiginlegu eldhúsi fyrir Hjallastefnunni frá Tristani kokki og er lífrænt eru öll grjón eins og búlgur, kínóa, hýðishrísgrjón og heilhveiti kús kús. Við erum alltaf til í ábendingar og hugmyndir í sambandi við matinn og reynum að svara spurningum eftir allra bestu getu.

Upplýsingar frá kennurum og Karellen

Við reynum eftir bestu getu að upplýsa eins vel og við getum og leggjum upp úr því að hópstýrur/stjórar sendi vikupósta vikulega eða á tveggja vikna fresti. Hópatímaskráningarblað á að hanga í forstofum hvers kjarna til upplýsinga fyrir foreldra og eins viljum við að það komi inn myndir reglulega á Karellen, miðum við 1-2 myndir í viku. Svefnskráning er líka fyrir þau börn sem sofa. Á yngstu kjörnum reynum við líka eftir bestu getu að setja inn á Karellen hvernig börn borða. Við viljum endilega heyra frá ykkur ef þetta er ekki það sem þið eruð að upplifa og við kippum því í liðinn.

Við erum alltaf að reyna að finna þetta jafnvægi með upplýsingagjöf í gegnum Karellen, því meiri upplýsingar sem koma þaðan þýðir að kennarar þurfa að vera meira í skjá/síma/ipad og allt tekur þetta tíma frá börnum. Við viljum eins og við mögulega getum vera eins lítið í sínum með börnum og við getum, við viljum gefa börnum alla okkar athygli.



Gæðainnlit Hjallastefnunnar

Leikskólinn Askja Reykjavík



Berist til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og skrifstofustjóra leikskólamála

Innra gæðamat Hjallastefnunnar fór fram þann 15. janúar 2024 á leikskólanum Öskju. Innlitsaðili var Kristín Cardew fræðilegur ráðgjafi og kennari hjá Hjallastefnunni.

Innra gæðamatið liggur á mörkum þess að teljast innra og ytra mat þar eð matsaðili er utanaðkomandi í leikskólanum en þó á vegum rekstraraðila, þ.e. Hjallastefnunnar ehf. Gæðamatið kemur til viðbótar öðru mati og eftir sem áður stendur leikskólinn fyrir umfangsmiklu innra mati skv. lögum. Innra gæðamatinu er ætlað að rýna í fagstarfið með börnunum og ganga úr skugga um að það fari fram samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þ.e. meginreglum og kynjanámskrá stefnunnar.

Matsaðili dvaldi í leikskólanum, heimsótti alla kjarna, fylgdist með vali, matmálstímum og hópatímum og ræddi við börn, starfsfólk og foreldra. Innlitið á Öskju gaf góða mynd af því skólastarfi sem fram fer á leikskólanum. Börnum og fjölskyldum þeirra var heilsað hlýlega við komuna í skólann, málrómur var hlýr og glaðlegur í öllum tilvikum og börnum heilsað með nafni. Öll samskipti barna á milli og samskipti starfsfólks við börn og hvort annað, einkenndust af kærleika og hlýhug.

Hinir daglegu hópatímar höfðu, í langflestum tilfellum, skýrt upphaf og endi og hélt hver kennari vel utan um sinn hóp. Innlitsaðili tók þó eftir því að hópatímar voru ekki alls staðar sungnir inn sem þyrfti að gera bragarbót á. Kennarar tóku virkan þátt í hópatímum, sem eru „kennarastýrðari“ stundir dagskipulagsins og gættu kennarar þess vel að öll börn fengju athygli og tækifæri til þess að tjá sig og taka virkan þátt í leik og starfi. Einnig höfðu matmálstímar rólegt og notalegt yfirbragð þar sem börnin nutu málsverða með sínum kennurum, sem hvöttu til jákvæðra samskipta milli barnanna. Sérstaklega var gaman að fylgjast með samræðum og söng á samverumottum, en börn og kennarar áttu saman góðar stundir, þar sem öll börn fengu notið þess að syngja saman, eiga fréttastund, deila frásögnum og æfa sig í að hlusta á vinkonur og vini. Gott var að fylgjast með því hversu mikla natni kennarar lögðu í þær stundir.

Valfundir gengu vel fyrir sig, börnin þekkja fyrirkomulagið augljóslega mjög vel og haldið var utan um valfundaskráningar. Börnin gengu keik og upplitsdjörf í sína króka þar sem leikur og samskipti gengu vel. Efniviður í valfundarkrókum var í samræmi við handbók Hjallastefnunnar, þ.e. hinn opni efniviður sem ýtir undir sköpun, útsjónarsemi og samvinnu og kemur á sama tíma í veg fyrir samkeppni og streitu.

Það ríkir góður Hjallastefnuandi á leikskólanum Öskju og samhljómur góður hjá starfsfólkinu, sem fylgir megináherslum hugmyndafræðinnar af alúð og nákvæmni, því alls staðar þar sem innlitsaðili kom, var léttleiki, gleði og fagmennska í fyrirrúmi. Farið er eftir dagskipulagi samkvæmt handbók og það sem var einstaklega ánægjulegt að upplifa var hversu vel starfsfólk var meðvitað um skiptitímuna, þ.e. að láta þá ganga vel til að forðast streitu og árekstra. Þetta var til fyrirmyndar alls staðar þar sem matsaðila bar að garði.

Endurnýjun og viðhald hefur verið sinnt af nákvæmni og smekkvísi og er húsnæði leikskólans orðið hlýlegt og fallett; kjarnar eru snyrtilegir og efniviður og vinnuaðstaða eru vel merkt og kjörnuð. Þar er hugað að hverju smáatriði, en sundurgreining og áherslan á áreitalítið umhverfi er einmitt aðall hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hávaði var alls staðar undir óþægindamörkum og sjávaða stillt í algjört hóf.

Skólastýrur leikskólans Öskju, þær Guðrún Silja Steinarsdóttir og Sigríður Ólöf Sæmundsdóttir, leiða faglega sterkan hóp starfsfólks af miklum metnaði, nákvæmni og kærleik og uppskera eftir því, sem er einstaklega ánægjulegt að fylgjast með og upplifa í heimsókn í leikskólann.

Með vinsemd og virðingu,
Kristín Cardew